

## LÖG

## um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003 (raforkuviðskipti).

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- a. Eftirfarandi orðskýringar bætast við í viðeigandi stafrófsröð:
  1. *Aðili:* Einstaklingur eða lögaðili.
  2. *Heildsöluorkuafurð:* Eftirtaldir samningar og afleiður óháð því hvar og hvernig viðskiptin fara fram:
    - a. samningar um afhendingu á raforku,
    - b. afleiður sem tengjast raforku sem er framleidd, höfð eru viðskipti með eða er afhent,
    - c. samningar um flutning og dreifingu raforku,
    - d. afleiður sem varða flutning og dreifingu raforku,
    - e. samningar um geymslu raforku,
    - f. afleiður sem varða geymslu raforku.Samningar um afhendingu, flutning og dreifingu raforku til annarra notenda en stórnotenda teljast ekki heildsöluorkuafurðir.
  3. *Heildsöluorkumarkaður:* Markaður þar sem höfð eru viðskipti með heildsöluorkuafurðir óháð því hvar og hvernig viðskiptin fara fram. Hér undir falla viðskipti innan og utan viðskiptavettvangs raforku.
  4. *Innandagsmarkaður:* Marghliða kerfi sem leiðir saman fjölda þriðju aðila með samfelldri þörunaraðferð eða uppboðsaðferð sem vilja kaupa eða selja þannig að til samninga geti stofnast á opnunartíma innandagsmarkaðar.
  5. *Miðlægur mótaðili í uppgjöri:* Lögaðili sem gengur á milli mótaðila að viðskiptasamningum á viðskiptavettvangi raforku og verður þar með kaupandi gagnvart hverjum seljanda og seljandi gagnvart hverjum kaupanda.
  6. *Milligönguaðili í raforkuviðskiptum:* Aðili sem hefur milligöngu um viðskipti með heildsöluorkuafurðir í atvinnuskyni með því að taka á móti viðskiptafyrirmælum og miðla þeim áfram.
  7. *Næstadagsmarkaður:* Marghliða kerfi sem leiðir saman með uppboðsaðferð fjölda þriðju aðila sem vilja kaupa eða selja þannig að til samninga geti stofnast um 24 klukkustundir næsta sólarhrings.
  8. *Uppboðsaðferð:* Þörunaraðferð viðskipta sem parar saman kaup- og sölutilboð á ákveðnu tímamarki.

9. *Viðskiptafyrirmæli*: Fyrirmæli sem fela í sér tilboð um kaup eða sölu á heildsöluorkuafurð á tilgreindu verði eða betra verði og í tilgreindu magni.
10. *Viðskiptavettvangur raforku*: Marghliða kerfi sem leiðir saman fjölda þriðju aðila sem vilja kaupa eða selja þannig að til samninga geti stofnast með heildsöluorkuafurðir innan hvers kyns viðskiptaglugga, þ.m.t. næst dagsmarkaður, innandagsmarkaður og framvirkur markaður.
  - b. 9. tölul. orðast svo: *Markaðsaðili*: Hver sá einstaklingur eða lögaðili, þ.m.t. flutningsfyrirtækið og dreifiveitur, sem stundar viðskipti með heildsöluorkuafurð og/eða gefur fyrirmæli um viðskipti eða annast slík viðskipti í umboði annars.
  - c. 16. tölul. fellur brott og breytast númer síðari töluliða til samræmis við það.

## 2. gr.

Í stað orðsins „raforkumarkað“ í a-lið 5. mgr. 8. gr. laganna kemur: viðskiptavettvang raforku.

## 3. gr.

Í stað tilvísunarinnar „6. tölul.“ í 1. og 2. mgr. 10. gr. og 2. másl. 2. mgr. 12. gr. a laganna kemur: 7. tölul.

## 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. a laganna:

- a. 1. másl. orðast svo: Leyfi Raforkueftirlitsins þarf til þess að reka viðskiptavettvang raforku.
- b. Í stað 4. og 5. másl. koma þrjú nýir málslíðir, svohljóðandi: Heimilt er að innheimta gjald fyrir leyfi sem Raforkueftirlitið veitir samkvæmt þessari grein. Gjaldið má ekki vera hærra en nemur kostnaði við undirbúning, svo sem vegna nauðsynlegrar aðkeyptrar þjónustu, afgreiðslu leyfis og eftirlits með leyfishöfum. Gjaldið skal vera í samræmi við gjaldskrá sem staðfest skal af ráðherra og birt í B-deild Stjórnartíðinda.
- c. Við bætast fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
 

Viðskiptavettvang raforku ber að reka í samræmi við leyfi og þar skal umsjón með uppgjöri viðskipta fara fram. Umsækjandi um leyfi til að reka viðskiptavettvang raforku skal sýna fram á:

  1. Fjárhagslegan styrkleika og þekkingu á raforkumarkaði til að efna skuldbindingar vegna starfseminnar.
  2. Að óæskilegir hagsmunaárekstrar verði ekki vegna annarrar starfsemi.
  3. Verkferla sem tryggja fullnægjandi stýringu áhættu og ráðstafanir til að greina og draga úr áhættu.
  4. Hæfni til að tryggja öruggan rekstur tæknilegra kerfa.
  5. Verkferla sem tryggja heiðarleg og sanngjörn viðskipti á vettvangnum.
  6. Að uppgjör viðskipta geti farið fram tímanlega og verið skilvirk.
  7. Að hann sé óháður öðrum markaðsaðilum og fullnægjandi aðskilnaður sé tryggður, þ.m.t. stjórnunarlegur aðskilnaður gagnvart öðrum markaðsaðilum.

Taki rekstraraðili við fjármunum í þágu annarra ber að varðveita slíka fjármuni á sérstökum vörslufjárreikningi í viðurkenndri bankastofnun.

Rekstraraðili sem gerist miðlægur mótaðili í uppgjöri raforkuviðskipta skal gefa út afreikninga í þeim tilvikum sem hann gerist kaupandi, sem koma í stað sölureikninga, að uppfylltum skilyrðum 3. mgr. 21. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988.

Kveðið skal nánar á um skilyrði leyfisveitingar og skipulagskröfur viðskiptavettvangs raforku í reglugerð. Í reglugerð skal m.a. mæla fyrir um skipulagskröfur viðskiptavettvanga, þ.m.t. næstadagsmarkaða, innandagsmarkaða, hvernig staðið skuli að framkvæmd við þörun viðskipta, tímamark þörunar, hvernig staðið skuli að uppgjöri og miðlun upplýsinga til kerfisstjórnunar flutningsfyrirtækisins.

d. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Leyfi til að reka viðskiptavettvang raforku.*

5. gr.

Í stað tilvísunarinnar „20. tölul.“ í 18. gr. b laganna kemur: 26. tölul.

6. gr.

Á eftir 20. gr. laganna koma tíu nýjar greinar, 20. gr. a – 20. gr. j, ásamt fyrirsögnum, svo hljóðandi:

a. (20. gr. a.)

#### *Innherjaupplýsingar.*

Til innherjaupplýsinga teljast nægjanlega tilgreindar upplýsingar sem ekki hafa verið gerðar opinberar og varða, beint eða óbeint, eina eða fleiri heildsöluorkuafurð og eru líklegar, yrðu þær gerðar opinberar, til að hafa marktæk áhrif á verðmyndun þeirrar heildsöluorkuafurðar sem þær varða.

Með upplýsingum er í þessu ákvæði átt við:

1. Upplýsingar sem skylda er að birta samkvæmt ákvæðum laga þessara, reglugerðum settum með stöð í þeim og öðrum reglum, þ.m.t. almennum reglum um rekstur og stýringu raforkuflutnings og raforkudreifingar, sbr. 7. mgr. 9. gr. og 4. mgr. 16. gr.
2. Upplýsingar sem varða getu og nýtingu búnaðar til framleiðslu, notkunar eða flutnings raforku, þ.m.t. um skipulegan eða ófyrirséðan ótiltækileika búnaðar.
3. Aðrar upplýsingar sem ætla má að markaðsaðili myndi byggja á við ákvörðun um viðskipti með heildsöluorkuafurðir eða viðskiptafyrirmæli.

Upplýsingar teljast nægjanlega tilgreindar ef þær varða aðstæður sem eru fyrir hendi eða sem telja má að verði eða atburð sem hefur átt sér stað eða sem ætla má að muni eiga sér stað ef þær eru nægjanlega nákvæmar til að unnt sé að draga ályktun um möguleg áhrif þeirra á verð heildsöluorkuafurða. Sé um að ræða langvarandi ferli sem ætlað er að ná fram eða sem veldur tilteknum aðstæðum eða tilteknum atburði má líta á þessar aðstæður eða atburð, og milliprep í ferlinu sem tengjast því að ná fram þessum aðstæðum eða atburði, sem nægjanlega tilgreindar upplýsingar.

Upplýsingar um milliprep í langvarandi ferli teljast vera innherjaupplýsingar ef þær einar og sér uppfylla skilyrði um innherjaupplýsingar samkvæmt þessari grein.

Upplýsingar skv. 1. mgr. tengjast beint eða óbeint heildsöluorkuafurð ef þær hafa hugsanleg áhrif á eftirspurn, framboð eða heildsöluorkuafurð eða á væntingar þar um.

Upplýsingar skv. 1. mgr. teljast líklegar, væru þær gerðar opinberar, til að hafa marktæk áhrif á verð heildsöluorkuafurðar ef ætla má að skynsamur markaðsaðili byggi ákvörðun sína um að eiga viðskipti með heildsöluorkuafurð að nokkru eða öllu leyti á þeim.

## b. (20. gr. b.)

*Bann við innherjasvikum og ólögmaetri miðlun innherjaupplýsinga.*

Aðila sem býr yfir innherjaupplýsingum um heildsöluorkuafurðir raforku er óheimilt að:

1. Nota þær upplýsingar til að leggja fram viðskiptafyrirmæli, afturkalla eða breyta viðskiptafyrirmælum, fyrir eigin reikning eða reikning þriðja aðila, annaðhvort beint eða óbeint, um þá heildsöluorkuafurð sem upplýsingarnar varða.
2. Miðla þeim upplýsingum til annarra nema miðlunin sé í eðlilegu sambandi við starf, stöðu eða skyldur.
3. Ráðleggja eða hvetja markaðsaðila til að kaupa eða selja heildsöluorkuafurð á grundvelli upplýsinganna. Fari markaðsaðili að slíkum ráðleggingum eða hvatningu teljast það innherjasvik skv. 1. tölul. ef sá hinn sami veit eða mætti vita að ráðleggingin eða hvatningin grundvallast á innherjaupplýsingum.

Ákvæði 1. mgr. gildir einnig um alla aðila sem búa yfir innherjaupplýsingum í tengslum við heildsöluorkuafurð vegna:

1. Setu í stjórn, starfs síns í framkvæmdastjórn eða eftirlitseiningum markaðsaðila.
2. Hlutdeildar í hlutfé markaðsaðila.
3. Aðgang að upplýsingum í krafti starfs, stöðu eða skyldna.
4. Aðgang að upplýsingum vegna þátttöku í refsiverðri háttsemi.
5. Vitneskju um að um sé að ræða innherjaupplýsingar.

Ákvæði 1. mgr. tekur ekki til:

1. Viðskipta kerfisstjórnunar flutningsfyrirtækisins skv. 4. mgr. 9. gr.
2. Viðskipta sem gerð eru til að uppfylla skyldu samningi um að afla eða ráðstafa heildsöluorkuafurð, sem gerður var áður en viðkomandi bjó yfir innherjaupplýsingum.
3. Viðskipta sem eru liður í neyðaraðgerðum þegar stjórnvöld hafa gripið inn í til að tryggja örugga afhendingu raforku og markaðsfyrirkomulag hefur verið fellt tímabundið úr gildi.
4. Viðskipta vinnsluaðila sem gerð eru í þeim eina tilgangi að mæta beinu efnislegu tapi vegna ófyrirséðra truflana og misbrestur á því myndi leiða til þess að vinnsluadilinn gæti ekki uppfyllt fyrirliggjandi samningsskuldbindingar eða vegna fyrirmæla frá flutningsfyrirtækinu til að tryggja öruggan og traustan rekstur kerfisins. Við slíkar aðstæður ber vinnsluaðila að tilkynna Raforkueftirlitinu um viðskiptin.

## c. (20. gr. c.)

*Markaðsmisnotkun.*

Til markaðsmisnotkunar telst eftirfarandi:

1. Að sýna háttsemi, eiga í viðskiptum, leggja fram, afturkalla eða breyta viðskiptafyrirmælum:
  - a. sem gefa eða líklegt er að gefi ranga eða villandi mynd af framboði á, eftirspurn eftir eða verði á heildsöluorkuafurðum,
  - b. þar sem einn eða fleiri aðilar í samstarfi tryggja eða gera tilraun til að tryggja óeðlilegt eða tilbúið verð á einni eða fleiri heildsöluorkuafurðum, nema aðilinn sem á í viðskiptum, leggur fram, afturkallar, breytir viðskiptafyrirmælum eða sýnir aðra háttsemi sýni fram á lögmaetar ástæður sem samræmast viðurkenndri markaðsframkvæmd,

- c. með uppspuna eða öðrum blekkingum eða klækjum, sem líklegt er að gefi rangar eða villandi vísbendingar um framboð á, eftirspurn eftir eða verð á heildsöluorkuafurðum.
2. Að miðla upplýsingum til fjölmiðla, á vefmiðlum eða á einhvern annan hátt sem gefur eða er líklegur til að gefa ranga eða villandi mynd af framboði á, eftirspurn eftir eða verði á heildsöluorkuafurðum, þ.m.t. að breiða út orðróm, sem og rangur eða villandi fréttaflutningur þegar aðilinn sem miðlaði upplýsingunum vissi eða hefði mátt vita að þær væru rangar eða villandi.

Þegar upplýsingum er miðlað til fjölmiðla eða miðlað í listrænum tilgangi skal slík miðlun upplýsinga metin með hliðsjón af reglum um fjölmiðlafrelsi og tjáningarfrelsi í öðrum miðlum nema:

- a. sá aðili eða aðilar sem miðla upplýsingunum hafi, beint eða óbeint, ávinning af miðlun viðkomandi upplýsinga eða
- b. upplýsingagjöfin eða miðlunin sé til að blekkja markaðinn varðandi framboð, eftirspurn eða verð á heildsöluorkuafurðum.

Sé sá aðili sem um getur í þessari grein lögaðili gildir þetta ákvæði einnig um þá einstaklinga sem taka þátt í ákvörðun um að aðhafast fyrir reikning hlutaðeigandi lögaðila.

d. (20. gr. d.)

*Tilraun til markaðsmisnotkunar.*

Tilraun til markaðsmisnotkunar telst eftirfarandi athæfi:

1. Að sýna háttsemi, eiga í viðskiptum, leggja fram, afturkalla eða breyta viðskiptafyrirmælum í þeim tilgangi að:
- a. gefa rangar eða villandi vísbendingar um framboð á, eftirspurn eftir eða verð á heildsöluorkuafurðum,
- b. tryggja óeðlilegt verð eða tilbúið verð á einni eða fleiri heildsöluorkuafurðum, hvort sem um er að ræða einn eða fleiri aðila í samstarfi, nema aðilinn sem á í viðskiptum, leggur fram, afturkallar eða breytir viðskiptafyrirmælum sýni fram á lögmætar ástæður sem samræmast viðurkenndri markaðsframkvæmd,
- c. gefa rangar eða villandi vísbendingar um framboð á, eftirspurn eftir eða verð á heildsöluorkuafurðum með uppspuna eða öðrum blekkingum eða klækjum.
2. Að miðla upplýsingum í gegnum fjölmiðla, þar á meðal internetið, eða með öðrum hætti í þeim tilgangi að gefa rangar eða villandi upplýsingar um framboð, eftirspurn eða verð á heildsöluorkuafurðum.

e. (20. gr. e.)

*Bann við markaðsmisnotkun og tilraun til markaðsmisnotkunar.*

Aðili skal hvorki taka þátt í né gera tilraun til að taka þátt í markaðsmisnotkun.

f. (20. gr. f.)

*Viðurkennd markaðsframkvæmd.*

Bannið sem getur um í 20. gr. e. gildir ekki um háttsemi skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 20. gr. c og 1. og 2. tölul. 20. gr. d sýni aðilinn fram á lögmætar ástæður sem samræmast viðurkenndri markaðsframkvæmd.

Við mat á því hvort háttsemi feli í sér viðurkennda markaðsframkvæmd skal Raforkueftirlitið líta til þess hvort:

1. Markaðsframkvæmdin hafi jákvæð áhrif á gagnsæi á markaðnum.

2. Markaðsframkvæmdin stuðli að vernd fyrir starfsemi heildsöluorkumarkaðar og eðlilegu samspili framboðs og eftirspurnar.
3. Markaðsframkvæmdin hafi jákvæð áhrif á seljanleika og skilvirkni á markaði.
4. Tekið hafi verið tillit til markaðsfyrirkomulags viðkomandi markaðar við markaðsframkvæmdina og markaðsaðilum hafi verið kleift að bregðast á tilhlýðilegan hátt og tímanlega við þeim nýju markaðsaðstæðum sem framkvæmdin hefur skapað.

g. (20. gr. g.)

*Fyrirbygging og greining markaðssvika.*

Rekstraraðilar sem starfrækja viðskiptavettvang og milligönguaðilar í raforkuviðskiptum skulu koma á fót og viðhalda skilvirku fyrirkomulagi, kerfum og verklagi sem miðar að því að koma í veg fyrir og greina innherjasvik, markaðsmisnotkun og tilraun til innherjasvika eða markaðsmisnotkunar.

Aðilar skv. 1. mgr. skulu án tafar tilkynna Raforkueftirlitinu um fyrirmæli, viðskipti, þ.m.t. afturköllun eða breytingu á þeim, sem gætu falið í sér innherjasvik, markaðsmisnotkun eða tilraun til innherjasvika og markaðsmisnotkunar.

h. (20. gr. h.)

*Opinber birting innherjaupplýsinga.*

Markaðsaðilar skulu birta opinberlega, á skilvirkan hátt og tímanlega innherjaupplýsingar sem þeir búa yfir er varða fyrirtæki eða aðstöðu sem hlutaðeigandi markaðsaðili, eða móður-fyrirtæki hans eða tengt fyrirtæki, á eða hefur yferráð yfir eða ber rekstrarlega ábyrgð á að öllu eða nokkru leyti. Markaðsaðili skal tryggja að innherjaupplýsingarnar séu gerðar opinberar með þeim hætti sem gerir almenningi kleift að fá skjótan aðgang að upplýsingunum og leggja fullt, rétt og tímanlegt mat á þær. Jafnframt skal birta upplýsingar sem skipta máli um afkastagetu og notkun á búnaði til framleiðslu, geymslu, neyslu eða flutnings orku, þ.m.t. skipulagða og ófyrirséða óvirkni búnaðar sem umræddar innherjaupplýsingar varða.

Í undantekningartilvikum er markaðsaðila heimilt að fresta á eigin ábyrgð birtingu innherjaupplýsinga þegar það er nauðsynlegt til að skerða ekki lögmæta hagsmuni hans. Það er skilyrði að frestunin sé ekki líkleg til þess að villa um fyrir almenningi, markaðsaðili geti tryggt trúnað um upplýsingarnar og taki ekki ákvarðanir um viðskipti með heildsöluorku-afurðir á grundvelli þeirra. Markaðsaðili skal án tafar tilkynna Raforkueftirlitinu um upplýsingarnar ásamt rökstuðningi fyrir frestun birtingar.

i. (20. gr. i.)

*Gagnaskil til Raforkueftirlitsins.*

Markaðsaðilar eða aðilar sem koma fram fyrir þeirra hönd, viðskiptavettvangur raforku eða milligönguaðili í raforkuviðskiptum skulu láta Raforkueftirlitinu í té pöntunarbók sem skal innihalda nákvæma auðkenningu á keyptum og seldum heildsöluorkuafurðum, verð og magn sem hefur verið samið um, dagsetningar og tímasetningar viðskipta, samningsaðila og milligönguaðila, ef þeim er fyrir að fara, og allar aðrar upplýsingar sem skipta máli. Markaðsaðilar skulu greina frá útsettri áhættu í viðskiptum sínum eftir vörutegundum, þ.m.t. viðskiptum sem eiga sér stað utan viðskiptavettvangs raforku. Markaðsaðili ber ábyrgð á gagnaskilum en hafi aðilar skv. 1. málsl. skilað gögnum um viðkomandi viðskipti telst gögnunum hafa verið skilað með fullnægjandi hætti. Upplýsingarnar skulu veittar í gegnum gagnagrunn Raforkueftirlitsins.

Rekstraraðili viðskiptavettvangs raforku eða þriðji aðili fyrir hans hönd skal láta Raforkueftirlitinu í té upplýsingar um viðskipti með heilðsöluorkuafurðir, þ.m.t. viðskiptafyrirmæli sem gerð eru með því að:

1. Veita Raforkueftirlitinu aðgengileg gögn varðandi pöntunarbók í samræmi við leiðbeiningar Raforkueftirlitsins.
2. Veita Raforkueftirlitinu tafarlausan aðgang að pöntunarbók þannig að það geti fylgst með viðskiptum á heilðsöluorkumarkaði. Raforkueftirlitið birtir leiðbeiningar um gagnaskil til stofnunarinnar þar sem kveðið er á um tæknileg atriði gagnaskila, tímafresti og form.

j. (20. gr. j.)

*Reglugerð og leiðbeiningar.*

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd 20. gr. a – 20. gr. i, þ.m.t. um bann við markaðsmisnotkun og innherjasvikum, upplýsingar sem teljast til innherjaupplýsinga og birtingu þeirra, upplýsingaskyldu um viðskipti, eftirlit og greiðslu kostnaðar af eftirliti.

Raforkueftirlitið skal birta leiðbeiningar um reglufylgni við 20. gr. a – 20. gr. i.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 26. gr. b laganna:

- a. Á eftir orðunum „brjóta gegn“ í 1. málsli. 1. mgr. kemur: eftirfarandi ákvæðum og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim.
- b. Á eftir 2. mgr. koma sjö nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
 

Raforkueftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn eftirtöldum ákvæðum:

  1. 20. gr. b um bann við innherjasvikum og ólögmætri miðlun innherjaupplýsinga.
  2. 20. gr. e um bann við markaðsmisnotkun og tilraun til markaðsmisnotkunar.
  3. 20. gr. g um fyrirbyggingu og greiningu markaðssvika.
  4. 20. gr. h um opinbera birtingu innherjaupplýsinga.
  5. 20. gr. i um gagnaskil til Raforkueftirlitsins.

Sektir sem lagðar eru á einstaklinga skv. 3. mgr. geta numið frá 100 þús. kr. til:

1. 720 millj. kr. vegna brota á 20. gr. b og 20. gr. e.
2. 140 millj. kr. vegna brota á 20. gr. g og 20. gr. h.
3. 72 millj. kr. vegna brota gegn 20. gr. i.

Sektir sem lagðar eru á lögaðila skv. 3. mgr. geta numið frá 100 þús. kr. til:

1. Allt að 15% af heildarársveltu samkvæmt síðasta samþykktá ársreikningi lögaðilans vegna brota á 20. gr. b og 20. gr. e.
2. Allt að 2% af heildarársveltu samkvæmt síðasta samþykktá ársreikningi lögaðilans vegna brota á 20. gr. g og 20. gr. h.
3. Allt að 1% af heildarársveltu samkvæmt síðasta samþykktá ársreikningi lögaðilans vegna brota á 20. gr. i.

Fjárhæð stjórnvaldssekta á einstakling skv. 3. mgr. skal aldrei fara umfram 20% af árstekjum viðkomandi á fyrra almanaksári. Ef einstaklingurinn hefur beint eða óbeint notið fjárhagslegs ávinnings af brotinu skal fjárhæð stjórnsýslusektarinnar a.m.k. vera jöfn þeim ávinningi.

Fjárhæð stjórnvaldssekta á lögaðila skv. 3. mgr. skal aldrei fara umfram 20% af heildarársveltu samkvæmt síðasta samþykktá ársreikningi lögaðilans eða síðasta samþykktá

samstæðureikningi ef lögaðilinn er hluti af samstæðu. Ef lögaðilinn hefur beint eða óbeint notið fjárhagslegs ávinnings af brotinu skal fjárhæð stjórnsýslusektarinnar a.m.k. vera jöfn þeim ávinningi.

Hafi aðili gerst brotlegur við ákvæði laga þessara, ákvæði reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra, eða ákvarðanir Raforkueftirlitsins á grundvelli þeirra, er Raforkueftirlitinu heimilt að ljúka málinu með sátt við málsaðila, enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við. Sátt er bindandi fyrir málsaðila þegar hann hefur samþykkt og staðfest efni hennar með undirskrift sinni. Raforkueftirlitið setur nánari reglur um framkvæmd ákvæðisins.

Heimild til að beita stjórnsýsluviðurlögum samkvæmt lögum þessum fellur niður þegar sjö ár eru liðin frá því að háttsemi lauk. Tilkynning Raforkueftirlitsins til málsaðila um rannsókn á meintu broti rýfur frestinn gagnvart öllum sem staðið hafa að broti.

#### 8. gr.

Á eftir 26. gr. b laganna kemur ný grein, 26. gr. c, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

##### *Saknæmi og ákvörðun stjórnsýsluviðurlaga.*

Stjórnsýsluviðurlögum og öðrum ráðstöfunum vegna brota verður beitt óháð því hvort brot eru framin af ásetningi eða gáleysi. Við ákvörðun stjórnsýsluviðurlaga samkvæmt þessum lögum, m.a. um fjárhæð stjórnvaldssekta, skal tekið tillit til allra atvika sem skipta máli, þ.m.t. eftirfarandi eins og við á:

1. Alvarleika brots og hvað það hefur staðið yfir lengi.
2. Ábyrgðar hins brotlega.
3. Fjárhagsstöðu hins brotlega, sér í lagi með hliðsjón af heildarársveltu lögaðila eða árs-tekjum einstaklings.
4. Ávinnings hins brotlega af broti sem og taps sem hann forðast með broti.
5. Samstarfsvilja hins brotlega.
6. Fyrri brota hins brotlega.
7. Ráðstafana sem hinn brotlegi grípur til til að koma í veg fyrir að brotið verði endurtekið.

#### 9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 31. gr. laganna:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „0,75 aurum“ í 1. tölul. kemur: 0,9 aurum.
- b. Í stað fjárhæðarinnar „1,88 aurum“ í 2. tölul. kemur: 2,26 aurum.

#### 10. gr.

Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Handhafar leyfis ráðherra til reksturs viðskiptavettvangs raforku skulu eigi síðar en 1. september 2026 hafa uppfyllt skilyrði 2. mgr. 18. gr. a og skulu í því skyni sækja um endurnýjun leyfis til Raforkueftirlitsins.

#### 11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skulu 6. og 7. gr. ekki öðlast gildi fyrr en 1. janúar 2027.

12. gr.

Við gildistöku laga þessara verður eftirfarandi breyting á lögum um stofnun Landsnets hf., nr. 75/2004: Í stað orðsins „raforkumarkað“ í 2. málsl. 2. gr. laganna kemur: viðskiptavettvang raforku.

*Gjört í Reykjavík, 7. maí 2026.*

**Halla Tómasdóttir.**  
(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Jóhann Páll Jóhannsson.*

\_\_\_\_\_  
A-deild – Útgáfudagur: 15. maí 2026